

Miðvikudaginn 4. júní 1986.

Nr. 125/1986. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Jóhanni Sævari Jónssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Þjófnaður. Svík.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Sigurgeir Jónsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Máli þessu var að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1986 og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 23. apríl 1986.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu ákærvalds og ákærða að ekki væri óskað endurskoðunar á ákvæðum héraðsdóms um skaðabætur. Koma þau því ekki til álita í málinu sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn þar á meðal bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dagsett 27. maí 1986 þar sem fram kemur að ákærði hefur nú afplánað að fullu refsingar samkvæmt þeim dómum, sem honum hefur verið dæmt áfall í á undan hinum áfrýjaða dómi. Koma því ekki til álita ákvæði 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 varðandi reynslulausn sem ákærða var veitt frá 19. janúar 1984.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms og færslu brota til refsí- ákvæða.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 255. gr. sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940 og með vísan til 77. og 78. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhann Sævar Jónsson, sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar, hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. desember 1985.

Ár 1985, föstudaginn 20. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni, settum sakadómarar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 745/1985: Ákærvaldið gegn Jóhanni Sævari Jónssyni, sem tekið var til dóms 18. þessa mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. nóvember síðastliðinn, á hendur ákærða, „Jóhanni Sævari Jónssyni, Vesturgötu 22, Reykjavík, fæddum í Reykjavík 3. júní 1957, fyrir eftirgreind brot gegn almennum hegningarlögum:

1.

Fyrir þjófnað með því að hafa þriðjudagskvöldið 29. janúar 1985 stolið peningaveski með tékkhefti frá útibúi Landsbanka Íslands á Breiðdalsvík þá er hann var staddur á veitingahúsinu „pubb-inn“ við Hverfisgötu í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2.

Fyrir tékkasvik með því að hafa um mánaðamótin janúar/febrúar 1985 selt í Reykjavík og næsta nágrenni eftirgreinda 7 tékka sem hann gaf út til handhafa á eyðublöð úr framangreindu tékkhefti án þess að eiga inni-stæðu í bankanum svo sem rakið er:

- 1) Tékki nr. 9266, að fjárhæð kr. 3.000, dagsettur 29. janúar 1985. Óvíst um notkun.
- 2) Tékki nr. 9272, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 29. janúar 1985. Óvíst um notkun.
- 3) Tékki nr. 9275, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettur 29. janúar 1985. Óvíst um notkun. Í framsalsreit tékkans er stimpill Smiðjukaffis, Smiðjuvegi 14, Kópavogi.
- 4) Tékki nr. 9268, að fjárhæð kr. 1.500, dagsettur 29. janúar 1985. Óvíst um notkun. Í framsalsreit tékkans er stimpill fyrirtækisins Lækjarbrekku, Bankastræti 2, Reykjavík.
- 5) Tékki nr. 9274, að fjárhæð kr. 3.500, dagsettur 31. janúar 1985. Seldur í veitingahúsinu Brauðbæ við Óðinstorg í Reykjavík.

- 6) Tékki nr. 6273, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettur 31. janúar 1985. Óvíst um notkun. Í framsalsreit er stimpill veitingahússins Hrafnins í Reykjavík.
- 7) Tékki nr. 9269, að fjárhæð kr. 107, dagsettur 31. janúar 1985. Óvíst um notkun, framseldur af Hjálta Guðmundssyni. Telst þetta varða við 248. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Þá er málið höfðað á hendur ákærða með ákæruskjali, dagsettu 28. nóvember síðastliðinn, „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum framin í Reykjavík í febrúar 1985:

1.

Fyrir að hafa laugardagskvöldið 2. febrúar stolið tékkhefti frá aðalbanka Landsbanka Íslands þá er hann var gestkomandi að Mjóstræti 3 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2.

Fyrir tékkasvik með því að hafa selt í Reykjavík eftirgreinda tékka sem hann gaf út í eigin nafni á eyðublöð úr ofangreindu tékkhefti án þess að eiga innistæðu í bankanum:

- 1) Tékki nr. 6269481, að fjárhæð kr. 1.000, gefinn út til handhafa. Óvíst um notkun.
- 2) Tékki nr. 6269495, að fjárhæð kr. 2.500, dagsettur 5. febrúar 1985. Óvíst um notkun.
- 3) Tékki nr. 6269498, að fjárhæð kr. 3.500, gefinn út til „veitingahúsið Borgin“. Notaður til kaupa á veitingum á Hótel Borg.
- 4) Tékki nr. 6269486, að fjárhæð kr. 1.000, gefinn út til B.S.Í. Seldur á bifreiðastöð Íslands við Hringbraut.
- 5) Tékki nr. 2629486, að fjárhæð kr. 1.000, gefinn út til veitingahússins Hellisins. Óvíst um notkun.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins:

Ákæra, dagsett 20. nóvember 1985:

1. Hinn 1. febrúar sl. mætti Sigrún Ingólfssdóttir, Hjallavegi 1, Reykjavík, hjá RLR og tilkynnti þjófnað á seðlaveski sínu. Kvað hún að veskinu hefði verið stolið að kvöldi þriðjudagsins 29. janúar þar á undan er hún var stódd í veitingahúsinu Pöbb-inn við Hverfisgötu hér í borg. Kvað hún að í veskinu hefði verið tékkhefti frá Landsbankanum, útibúinu í Breiðdalsvík, og hefðu 6 eða 7 eyðublöð verið eftir í heftinu er því var stolið. Sigrún kvaðst vinna á veitingahúsinu og kvað hún að veskið hefði verið geymt í kompu þar sem fót starfsmanna eru geymd en hún sé alltaf ólæst.

Ákærði viðurkenndi við yfirheyrslu hjá RLR þann 12. febrúar sl. og fyrir dómi 3. desember sl. að hann hefði stolið seðlaveskinu. Hafi hann tekið tékkheftið úr veskinu en sett veskið síðan ásamt öðru því sem eftir var í ruslafötu í umræddu veitingahúsi. Ákærði kvaðst hafa verið mikið ölvaður er hann stal heftinu.

Samkvæmt framansögðu telst því sannað með játningu ákærða að hann hafi framið brot það sem honum er gefið að sök í 1. lið ákæru þessarar. Varðar brotið við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2. Ákærði viðurkenndi í ofangreindri yfirheyrslu hjá RLR og fyrir dómi að hafa í beinu framhaldi af þjófnaðinum á seðlaveskinu og tékkheftinu selt eftirgreinda tékka úr heftinu svo sem hér verður rakið:

a) Tékka nr. 9266, að fjárhæð kr. 3.000, dagsettan 29. janúar 1985. Ákærði vissi ekki hvar hann notaði tékkann.

b) Tékka nr. 9272, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettan 29. janúar 1984. Ákærði vissi heldur eigi hvar hann notaði tékka þennan.

c) Tékka nr. 9275, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettan 29. janúar 1985. Ákærði mundi ekki hvar hann notaði tékkann, en í framsalsreit hans er stimpill Smiðjukaffis, Smiðjuvegi 14, Kópavogi.

d) Tékka nr. 9268, að fjárhæð kr. 1.500, dagsettan 29. janúar 1985. Ákærði mundi ekki hvar hann notaði tékkann, en í framsalsreit hans er stimpill fyrirtækisins Lækjarbrekka, Bankastræti 2, Reykjavík.

e) Tékka nr. 9274, að fjárhæð kr. 3.500, dagsettan 31. janúar 1985, og seldur í veitingahúsinu Brauðbæ við Óðinstorg í Reykjavík.

f) Tékka nr. 9273, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettan 31. janúar 1985. Ákærði mundi ekki hvar hann notaði tékkann, en í framsalsreit hans er stimpill veitingahússins Hrafnssins í Reykjavík.

g) Tékka nr. 9269, að fjárhæð kr. 107, dagsettan 31. janúar 1985. Ákærði mundi eigi hvar hann notaði tékkann, en hann var framseldur af Hjalta Guðmundssyni.

Ákærði ritaði nafn sitt sem útgefandi á alla framangreinda tékka.

Sannað er með játningum ákærða, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, að ákærði hafi gerst sekur um atferli það sem honum er gefið

að sök í ákærulið þessum. Varðar brot ákærða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Veitingahúsið Brauðbær við Óðinstorg hér í borg hefur krafist þess að ákærði verði dæmdur til að greiða því 3.500,00 krónur í skaðabætur ásamt 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. febrúar 1985 til greiðsludags. Ákærði hefur samþykkt kröfuna og verður hann dæmdur til greiðslu hennar ásamt dómvöxtum frá 1. febrúar 1985 til greiðsludags.

Ákæra, dagsett 28. nóvember 1985:

1. Laugardagskvöldið 2. febrúar síðastliðið stal ákærði tékkhefti frá aðalbanka Landsbanka Íslands, er hann var gestkomandi að Mjóstræti 3 hér í borg. Telst sannað með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, að hann hafi framið brot það, sem honum er hér gefið að sök. Varðar brotið við 244. gr. almennra hegningarlaga.

2. Ákærði hefur viðurkennt við yfirheyrslur hjá RLR og fyrir dómi að hafa selt eftirtalda tékka úr ofangreindu tékkhefti:

a) Tékka nr. 6269481, að fjárhæð kr. 1.000, gefinn út til handhafa, en ákærði mundi ekki hvar hann notaði tékkann.

b) Tékka nr. 6269495, að fjárhæð kr. 2.500, dagsettan 5. febrúar 1985. Ákærði mundi ekki hvar hann notaði tékkann en kvað sennilegt að hann hafi selt hann í banka.

c) Tékka nr. 6269498, að fjárhæð kr. 3.500.-, gefinn út til „veitingahússins Borgin“. Ákærði notaði tékkann til kaupa á veitingum á Hótel Borg, Reykjavík.

d) Tékka nr. 6269485, að fjárhæð kr. 1.000.-, gefinn út til B.S.Í. Ákærði seldi tékkann á Bifreiðastöð Íslands við Hringbraut hér í borg.

e) Tékka nr. 6269486, að fjárhæð kr. 1.000.-, gefinn út til veitingahússins Hellisins hér í borg. Tékkinn var sýndur í banka af veitingahúsinu Hellirinn þann 8. febrúar 1985. Númerið hefur misritast í ákæruskjali, en eigi verður um villst, við hvern tékka er átt, og stendur skekkja þessi því eigi í vegi fyrir því að dæmt verði um þennan þátt ákæruliðs þessa, sbr. 1. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974.

Ákærði ritaði nafn sitt sem útgefandi á alla framangreinda tékka.

Með játningum ákærða, sem eru í samræmi við önnur málgögn, er sannað að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá sem honum er gefin að sök í ákærulið 2 ákæru þessarar. Varðar háttsemi ákærða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Í málinu liggur frammi bótakrafa frá Bifreiðastöð Íslands, Umferðarmíðstöðinni við Hringbraut hér í borg, að fjárhæð kr. 1.000,00. Ákærði hefur samþykkt kröfuna og verður dæmdur til greiðslu hennar.

Þá hefur veitingahúsið Tryggvagötu 26, Reykjavík, krafist þess að

ákærði verði dæmdur til að greiða því 1.500,00 krónur í skaðabætur ásamt dómvöxtum frá 8. febrúar 1985 til greiðsludags. Ákærði hefur samþykkt kröfuna og verður hann dæmdur til greiðslu hennar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

- 1975 20/7 í Reykjavík. Sátt: 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfl.
- 1976 5/11 í Kópavogi. Dómur: 32 mán. fangelsi ÷ 76 daga varðhaldsvist fyrir brot á 244. gr. hgl., 1. mgr. 259. gr. hgl., 2. sbr. 3. mgr. umfl. og 21. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 24 mán. frá 9/3 1976.
- 1978 20/7 í Kópavogi. Dómur: 30. mán fangelsi ÷ 110 daga varðhaldsvist fyrir brot á 244. gr. 233. gr., 1. mgr. sbr. 2. mgr. 257. gr. 1. mgr. og 2. mgr. 106. gr. 4. mgr. 220. gr. og 1. mgr. 259. gr. hgl. og 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 50. gr. umfl.
- 1980 15/1 Reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar 620 dögum.
- 1980 12/6 í Reykjavík. Ávana og fíkn. Sátt: 430.000 kr. sekt fyrir brot á 2. sbr. 5. og 6. gr. 1. nr. 65, 1974 og 2. og 10. gr. rgj. nr. 390, 1974.
- 1981 3/3 í Reykjavík. Dómur: 8 mán. fangelsi f. brot g. 244. gr. hgl.
- 1982 9/2 Reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar 287 dögum.
- 1983 8/8 í Kópavogi. Dómur: 3 mán. fangelsi f. brot g. 244. gr., sbr. 20. gr. hgl.
- 1983 18/8 í Reykjavík. Dómur: 5 mán. fangelsi f. brot g. 244. gr. og 1. gr. 259. gr. og 27. gr. umfl.
- 1984 19/1 Reynslulausn frá 19. jan. 1984 til 19. júlí 1985.
- 1985 7/8 í Reykjavík. Dómur: 2 mán. fangelsi f. brot g. 1. mgr. 259. gr. hgl., 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 4 mán. frá 7/8 1985.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 244. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Ber að ákveða refsingu ákærða með hliðsjón af 71., 77. og 78. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærða samkvæmt framansögðu hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar, hæstaréttarlögmanns, 6.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhann Sævar Jónsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði greiði eftirtöldum skaðabætur:

1. Brauðbæ við Óðinstorg, Reykjavík, 3.500,00 krónur ásamt dómvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. febrúar 1985 til greiðsludags.
2. Bifreiðastöð Íslands, Reykjavík, 1.000,00 krónur.

3. Veitingahúsinu Tryggvagötu 26, Reykjavík, 1.500,00 krónur ásamt dómvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. febrúar 1985 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar, hrl., 6.000,00 krónur.

Miðvikudaginn 4. júní 1986.

Nr. 117/1985. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Lúdvíg Fjölni Lúdvígssyni

Frank Snæ Lúdvígssyni og

Hafþóri Sævarssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Ákæra. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddson og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi var af ákæruvaldsins hálfu skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 28. mars 1985 til þyngingar, en dómþolar vildu allir una dóminum. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 11. apríl 1986.

Ákæra í máli þessu, sem rakin er í héraðsdómi, er óskilrík og brestur þar á glögga skilgreiningu sakarefnis. Kemur eigi nægilega glögg fram hvað hverjum hinna ákærðu er gefið að sök. Skírskotað er til 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 án þess að neina skýra verknaðarlýsingu sé að finna sem svari til þess ákvæðis. Sama á við um þau ákvæði laga nr. 46/1977 sem tilfærð eru í ákæru. Fullnægir ákæruskjalið þannig eigi reglum 3. tl. 2. málsgreinar 115. gr. laga nr. 74/1974 og verður það ekki lagt til grundvallar dómi